

Reykjavík, 23. janúar 2019

Efni: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019-2023

Með vísan til tillögu til þingsályktunar um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019-2023, sem utanríkismálanefnd Alþingis hefur nú til umfjöllunar, vilja undirrituð draga athygli nefndarinnar að neðangreindum atriðum er varða framkvæmd alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands.

Í fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu er stuðningur Íslands við markmið Sameinuðu þjóðanna um að efnameiri ríki verji sem nemi 0,7% af vergum þjóðartekjum til opinberrar þróunaraðstoðar undirstrikaður. Í tillögunni kemur jafnframt fram að Ísland leitist við, með virkri þátttöku í alþjóðlegri þróunarsamvinnu, að uppfylla pólitískar, lagalegar og siðferðislegar skyldur sínar sem ábyrg þjóð í samfélagi þjóðanna. Jafnframt verður alþjóðleg þróunarsamvinna mikilvægur hlekkur í þjóðaröryggisstefnu Íslands.

Við fögnum tillögunni í öllum meginatriðum og teljum við fagnaðarefni að þau áherslusvið sem í henni koma fram séu sérlega mikilvæg og að sú yfirlýst áhersla á að þróunarsamvinna Íslands taki mið af þeim alþjóðlegu sáttmálum sem Ísland hefur fullgilt og muni leitast við að uppfylla stjórnmalalegar, lagalegar og siðferðislegar skyldur sínar sem ábyrg þjóð í samfélagi þjóðanna. Þá teljum við mjög jákvæða þá áherslu að auka aðkomu atvinnulífsins að þróunarsamvinnu og erum sammála um að slík aðkoma sé til þess fallinn að auka verulega líkur á að *Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna* verði náð fyrir lok árs 2030.

Þó þykir okkur rétt að koma á framfæri athugasemdum við hlutfallslega lág framlög Íslands til málaflokksins og hvetjum löggjafann og stjórnvöld hverju sinni til að sýna meiri metnað og leggja fram tímasetta áætlun um hvenær 0,7% markmiðinu sem Ísland hefur stutt í áratugi verði náð.

Samkvæmt tillögunni er áætlað að framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu verði 0,35% af vergum þjóðartekjum í lok árs 2022, að meðtöldum framlögum sem fara í að þjónusta flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd á Íslandi. Hvetja undirrituð borgarasamtök til þess að íslensk stjórnvöld verji ekki hátt í þriðjungi af heildarframlögum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu hér á Íslandi til aðstoðar flóttafólki og umsækjendum um alþjóðlega vernd.¹ Nær væri að takmarka slík framlög við að hámarki 10% og leggja þess í stað áherslu á að byggja upp viðkvæm samfélag og stríðshrjáð svo fólk þurfi ekki að leggja á flóttu.²

Með hliðsjón af hlutfallslega lágum framlögum íslenskra stjórnvalda til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu þykir ljóst að leita þarf frekari leiða til þess að auka framlög frá Íslandi til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu, auk þess sem mikilvægt er að stuðla að skilvirkni og hagkvæmni við framkvæmd og ráðstöfun framlaga Íslands. Í því samhengi vilja undirrituð beina sjónum nefndarinnar að mikilvægi aukinnar þátttöku borgarasamfélagsins annars vegar og atvinnulífsins hins vegar á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu.

Eins og að framan greinir þá styðja undirrituð borgarasamtök áhersluna sem fram kemur í stefnunni á að virkja atvinnulífið til að styðja við *Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna* og teljum við að slíkur stuðningur geti einna best komið fram í samvinnu við borgarasamtök sem hafa þekkingu á aðstæðum í viðtökuríkjum

¹ Samkvæmt tölum Efnahags- og framfarastofnunarinnar námu framlög Íslands á árinu 2017 til flóttafólks og hælisleitenda á Íslandi 36.3% af framlögum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu, sem er hæsta hlutfall aðildarríkja þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Sbr. bls. 273 í skýrslu OECD: <http://www.oecd.org/dac/development-co-operation-report-20747721.htm>

² Til samanburðar má nefna að sambærilegt hlutfall í Danmörku var 3% árið 2017, í Finnlandi var það 7,3%, 3,6% í Noregi og 15% í Svíþjóð, sbr. sömu heimild og töflu sem vísað er til hér að ofan.

og aðgengi að haghöfum viðtökuríkjanna. Rétt er að hafa hugfast að slíkt samstarf verður ávallt að vera á forsendum viðtökuríkjanna og haghafa.

Það þykir ljóst að framlög stjórnvalda til opinberrar þróunaraðstoðar (ODA) kunnir einnig að vera þess eðlis að hvetja til og ýta undir aukna þátttöku viðeigandi aðila innan m.a. einkageirans og borgarasamfélagsins, sem er vel. En jafnframt er mikilvægt að stjórnvöld leggi áherslu á framþróun og virðisaukandi þátttöku fagaðila, málaflöknum (og þar með þolendum átaka og fátæktar) til framdráttar og hagsbóta. Slík ráðstöfun útgjalda til málaflöksins samræmist jafnframt jafningjarýni DAC um þróunarsamvinnu Íslands 2017,³ þar sem lagt er til að rík áhersla sé lögð á að byggja upp þekkingu og reynslu fagfólks á þann hátt að tryggt sé að reynsla þess og sérþekking glattist ekki, heldur nýtist í áframhaldandi og mikilvægu framlagi Íslands til þróunarsamvinnu.

Íslensk stjórnvöld hafa um langt árabil séð hag sinn í því að ráðstafa hluta framlaga til borgarasamtaka með því að styrkja alþjóðleg mannúðar- og þróunarverkefni þeirra sem búa yfir þekkingu á staðháttum og samböndum við heimafólk og geta tryggt fagleg vinnubrögð við framkvæmd verkefna. Lengst af fóru 5% af framlögum Íslands í gegnum borgarasamtök en í kjölfar ákvörðunar Alþingis var sú tala komin upp í 6,4% árið 2013 og stóð til að hún skyldi hækka upp í 8% árið 2014. Árið 2017 var hlutfall framlaga til borgarasamtaka hins vegar aðeins 4,16%.⁴

Telja undirrituð að aukin framlög stjórnvalda til hérlendra borgarasamtaka sem hafa tengingu við grasrót viðtökuríkja og búa yfir þekkingu á staðháttum og menningu til þess fallin að styðja enn betur við stefnu Íslands í málaflöknum og auka enn jákvæð áhrif Íslands á fátæk ríki og stríðshráð.

Þessu til stuðnings vísast til nýútkominnar skýrslu⁵ þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (e. DAC/OECD) um alþjóðlega þróunarsamvinnu. Þar má jafnframt finna ítarlega umfjöllun um mikilvægi samstarfs stjórnvalda við borgarasamfélagið vegna m.a. virðisaukandi sérstöðu borgarasamtaka á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Telja undirrituð því mikilvægt að horft sé til ofangreindra athugasemda við vinnslu þingsályktunartillögunnar, sér í lagi í samhengi við hlutfallslega lág framlög Íslands til málaflöksins.

Fulltrúar undirritaðra samtaka eru tilbúnir til að ræða ofangreind sjónarmið betur og gera grein fyrir þeim fyrir nefndinni, sé þess óskað.

Virðingarfyllt,

Kristín S. Hjálmtýsdóttir
Framkvæmdastjóri
Rauða krossins á Íslandi

Erna Reynisdóttir
Framkvæmdastjóri
Barnaheill – Save the Children á Ísland

Bjarni Gíslason
Framkvæmdastjóri
Hjálparstarf kirkjunnar

Ragnar Schram
Framkvæmdastjóri
SOS Barnaþorpin

³ Sjá: https://read.oecd-ilibrary.org/development/oecd-development-co-operation-peer-reviews-iceland-2017_9789264274334-en#page20

⁴ Sjá nánar um skiptingu framlaga Íslands árið 2017 á heimasíðu utanríkisráðuneytisins. <https://www.stiornarradid.is/verkefni/utanrikismal/throunarsamvinna/>

⁵ Sjá: <http://www.oecd.org/dac/development-co-operation-report-20747721.htm>

